

AUGLÝSING

um starfsreglur um breyting á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007.

„STARFSREGLUR
um breyting á starfsreglum um
skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007.

1. gr.

Búrfells-, Mosfells- og Stóru-Borgarsóknir, Mosfellsprestakalli, Árnesprófastsdæmi, sameinast. Hin sameinaða sókn nefnist Mosfellssókn.

2. gr.

Reykholtssókn og Stóra-Ássókn, Reykholtsprestakalli, Borgarfjarðarprófastsdæmi, sameinast. Hin sameinaða sókn nefnist Reykholtssókn.

3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 50. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. desember 2008.

Gjört í Reykjavík, 5. nóvember 2008.

Pétur Kr. Hafstein,
forseti kirkjuþings

Dagný Halla Tómasdóttir
þingskrifari“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 5. nóvember 2008.

F.h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson, forseti kirkjuráðs.